



MENNINGARMIÐSTÖÐ PINGEYINGA

Menningarmiðstöð Pingeyinga og Kaupfélag Pingeyinga hafa gefið út mynddisk með 4 pingeyskum kvikmyndum.



-Samvinnuhátíð í Vaglaskógi 1944.

-Kaupfélag pingeyinga – Afmælishátíð á Húsavík 1952.

-Heimsókn forseta Íslands hr. Ásgeirs Ásgeirssonar til Húsavíkur 1955.

-Gakktu með mér stutta stund. Menningarsjóður Kaupfélags Norður-Pingeyinga.

Frábær heimild um viðburði og mannlíf í héraði.

Diskarnir eru til sölu í Safnahúsinu á Húsavík, þá er einnig hægt að panta í síma 464 1860 eða með tölvupósti á netfangið: [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is). Verð 3.500 kr.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

3. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 21. jan. 2015

## Afmælisbörn dagana 22. jan. — 28. jan. 2015

- 22. Bergþóra Kristjánsdóttir, Steingrímur Viðar Karlsson
- 24. Aðalbjörg Birgisdóttir.
- 27. Hólmgeir Böðvarsson, Valur Hólm Siguðarson.
- 28. Brynhildur María Hjartardóttir, Vilborg Friðjónsdóttir.

### Afmæli.

Miðvikudaginn 28. janúar n.k. verð ég 90 ára og langar mig af því tilefni að bjóða ykkur sveitungum mínum í afmæliscaffi í Sel-Hótel milli kl.14:30 og 17:00.

Gaman væri að sjá ykkur sem flest.  
Kveðja, Villa, Arnarvatni.

### Þorablót.

Minum á þorablótið.  
Skráning miðvikudag og fimmtudag.  
Athugið að það er ekki veitingasala á staðnum.  
Engir posar.

Nefndi





## Íbúafundur.



### Stefnumótun í ferðapjónustu í Mývatnssveit.

Boðað er til íbúafundar mánudaginn 26. janúar kl. 20:00 í Skjólbrekku um stefnumótun í ferðapjónustu í Mývatnssveit.

Þar sem haldið verður áfram með þá vinnu sem fór fram á íbúafundi í nóvember. Við viljum þakka öllum þeim sem mættu á þann fund fyrir góða og virka þátttöku og hvetjum þá og aðra íbúa til áframhaldandi góðrar vinnu.

Við ítrekum að vegna þess hve ferðapjónustan hefur áhrif á allt samfélagið er þessi stefnumótunarvinna ætluð öllum íbúum, ekki eingöngu þeim sem hafa beinan hag af ferðapjónustu.

Vonumst til að sem flestir íbúar sjái sér fært að mæta, deila skoðunum sínum og taka þannig þátt í þessari mikilvægu vinnu.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga mun leiða verkefnið.  
Sveitastjórn Skútustaðahrepps

## Mýflugan

### Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

#### Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

## Lestrarsyrpa Gjallanda

Í febrúar og mars mun leshópur Gjallanda standa fyrir lestrarsyrpu þar sem þemað er „Skáldað um fortíðina“. Lesin verða alls fjögur söguleg skáldverk og Ásta Kristín stjórnar umræðum. Þátttaka er ókeypis fyrir félagsmenn í Gjallanda en hvert skipti kostar 2000 kr. fyrir aðra. Þátttakendur þurfa sjálfir að verða sér úti um eintök af bókunum, sem allar eru til í kiljuútgáfu í helstu bókabúðum.

Áhugasamir eru beðnir að skrá sig fyrir 30. janúar með því að senda póst á netfangið [gjallandi@gjallandi.is](mailto:gjallandi@gjallandi.is). Skráning er ekki bindandi heldur fyrst og fremst til að hægt sé að dreifa aukalesefni og upplýsingum til þátttakenda í tölvupósti.

Fyrsti hittingurinn verður mánudaginn 2. febrúar kl. 20.00 í litlu kaffistofunni í Skjólbrekku. Þar sem rætt verður um Óvinafagnað eftir Einar Kárason (og Ofsa, Skáld og Skálmöld líka ef fólk er í stuði).

#### Dagskrá næstu vikna:

- 16. febrúar - Halldór Laxness: Íslandsklukkan
- 2. mars - Gerður Kristný: Blóðhófnir
- 16. mars - Sjón: Skugga-Baldur
- 28. mars - Lokahóf og umræður



*Konur mínar, ef maðurinn segist ætla að gera hlutina, þá gerir hann það. Það er óþarfi að minna hann á það á tveggja tíma fresti*



4. Lagður fram samningur við Félag eldri Mývetninga um starfsstyrk við félagið. Samkvæmt samningnum sem gildir árin 2015, 2016 og 2017, styrkir Skútustaðahreppur Félag eldri Mývetninga um kr. 150 þúsund árlega eftir framlagningu ársreiknings félagsins. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Samningurinn er undirritaður af sveitarstjóra með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar. *Sveitarstjórn staðfestir samninginn.*

5. Í bréfinu er óskað frjárstyrks kr. 330 þúsund vegna verkefnsins Bændur græða landið og annarra verkefna í Skútustaðahreppi árið 2014. *Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr 330 þúsund.*

6. Lagt fram bréf Stígamóta þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við starfsemina á árinu 2015. *Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Stígamót um kr. 40 þúsund.*

7. Lögð fram ályktun sambandsráðsfundar UMFÍ frá 11. október 2014. Í ályktuninni er þeim sveitarfélögum þakkað sem stutt hafa við bakið á iðkendum íþróttá og ungmennafélaga með því að sjá þeim fyrir gistingu í sínu húsnæði. Jafnframt hvetur sambandsráðsfundurinn öll sveitarfélög til að leggja sitt að mörkum til þess að þessir hópar fái gistingu á viðráðanlegu verði. *Sveitarstjórn ítrekar endurgjaldlausa gistingu í húsnæði sveitarfélagsins fyrir iðkendur í skipulögðum viðburðum á vegum íþróttahreyfingarinnar í Mývatnssveit.*

8. Í fundargerð 10. desember 2014 var misrituð upphæð Skútustaðahrepps vegna hlutafjárukingar í Greiðri ehf. Á fundinum samþykkti sveitarstjórn að nýta forkaupsrétt í samræmi við 1,63% eignarhlut. Rétt upphæð er kr. 635.536 að nafnvirði. Þetta leiðréttist hér með.

9. Í bréfinum sem annars vegar eru rituð f.h grænánanefndar, nemenda og starfsfólks Reykjahlíðarskóla og hins vegar stýrihóps um Heilsuefandi grunnskóla, nemenda og starfsfólks Reykjahlíðarskóla er sveitarstjórn hvött til að beita sér fyrir ýmsum atriðum er varða heilsuefandi skóla s.s úrbótum á merkingum, göngu og hjólreiðastígum og atriðum er varða grænánaverkefnið sem snúa að hvatningu til íbúa um aukna flokkun heimilissorps. Sveitarstjórn þakkar bréfitara og minnr á að fyrir dyrum standa breytingar varðandi sorphirðu í sveitarfélaginu þar sem flokkun heimilssorps verður innleidd eigi síðar en 1. júní 2015. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að vísa bréfunum til umfjöllunar í skólanefnd.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00*

*Yngvi Ragnar Kristjánsson  
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir  
Helgi Héðinsson  
Guðrún Brynleifsdóttir  
Friðrik Jakobsson  
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri*



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 11. fundur

### að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 14. janúar kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson í forföllum Sigurðar G. Böðvarssonar, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerðir
  - a. Skipulagsnefndar frá 12. janúar 2015
3. Reglur um meðferð barnaverndarmála hjá starfsmönnum félagsmála og barnarverndarnefndar Þingeyinga
4. Samningur við Félag eldri Mývetninga
5. Bréf Landgræðslu ríkisins frá 12. desember 2014
6. Bréf Stígamóta frá 10. desember 2014
7. Ályktun 39. sambandsráðsfundar UMFÍ frá 11. október 2014
8. Málefni Greiðrar leiðar ehf – hækkun hlutafjár
9. Tvö bréf Soffíu K. Björnsdóttur frá 5. janúar 2015

#### Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að lið 9 tvö bréf Soffíu Björnsdóttur frá 5. janúar 2015 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 12. janúar 2015. Fundargerðin er í 5 liðum. Vegna liðar 1. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. *Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu aftur til skipulagsnefndar. Nefndin kalli fulltrúa Samkaupa á sinn fund þar sem farið verði yfir framtíðarlausn/sýn varðandi verslunarrekstur í Reykjahlíð. Samþykkt samhljóða.* Vegna liðar 3. Miklar umræður urðu um málið. Oddviti Yngvi Ragnar Kristjánsson vék af fundi og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir varaoddviti tók við stjórn fundarins. Varaoddviti bar upp eftirfarandi tillögu: *Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu liðarins til næsta fundar. Samþykkt með fjórum atkvæðum.* Oddviti kom aftur til fundar og tók við stjórn fundarins. Vegna liðar 5. *Sveitarstjórn beinir því til skipulagsnefndar að reglulegir fundir nefndarinnar verði ekki í sömu viku og fundir sveitarstjórnar.* Sveitarstjórn staðfestir aðra hluta fundargerðarinnar.
3. Lagðar fram reglur um meðferð barnaverndarmála hjá starfsmönnum félagsmála og barnarverndarnefndar Þingeyinga. *Sveitarstjórn staðfestir framlagðar reglur fyrir sitt leyti og visar þeim til kynningar í félags og menningarmálanefnd.*